

**MINNISBLAÐ****Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Efni: Staðfesting starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2022 – 2023**

Samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er eitt af meginhlutverkum skólanefndar sveitarfélags að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert. Skóladagatöl eru hluti af starfsáætlun skóla. Skóladagatöl allra grunnskóla borgarinnar voru lögð fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar á 231. fundi ráðsins 24. maí 2022 en starfsáætlanir eru nú lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

**Eftirfarandi grunnskólar í Reykjavík hafa skilað inn starfsáætlunum fyrir starfsárið 2022 -2023:**

|                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                              |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Austurmiðstöð:</b><br>Árbæjarskóli<br>Ártúnsskóli<br>Borgaskóli<br>Dalskóli<br>Engjaskóli<br>Foldaskóli<br>Hamraskóli<br>Húsaskóli<br>Ingunnarskóli<br>Klébergsskóli<br>Norðlingaskóli<br>Rimaskóli<br>Selásskóli<br>Sæmundarskóli<br>Víkurskóli | <b>Vesturmiðstöð:</b><br>Austurbæjarskóli<br>Barnaskóli Hjallastefnunnar<br>Grandaskóli<br>Hagaskóli<br>Háteigsskóli<br>Hlíðaskóli<br>Landakotsskóli<br>Melaskóli<br>Skóli Ísaks Jónssonar<br>Suðurlíðarskóli<br>Tjarnarskóli<br>Vesturbæjarskóli<br>Waldorfskólinn Sólstafr |
| <b>Suðurmiðstöð:</b><br>Breiðholtsskóli<br>Fellaskóli<br>Seljaskóli<br>Hólabrekkuskóli<br>Ölduselsskóli                                                                                                                                             | <b>Norðurmiðstöð:</b><br>Álftamýrarskóli<br>Breiðagerðisskóli<br>Brúarskóli<br>Fossvogsskóli<br>Hvassaleitisskóli<br>Laugarnesskóli<br>Langholtsskóli<br>Klettaskóli<br>Réttarholtsskóli<br>Vogaskóli                                                                        |



Samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 á skólaráð hvers grunnskóla að fjalla um árlega starfsáætlun skólans. Skólaráð grunnskólanna fjalla um starfsáætlanir og er gengið markvisst eftir því að þær skili sér. Starfsáætlanirnar hafa verið lesnar yfir af fagstjórum grunnskóla í borgarmiðstöðvum með hliðsjón af til þess gerðum gátlista. Fagstjórnir hafa bent á að þörf sé á að endurskoða gátlistana út frá þeim breytingum sem orðið hafa á stjórnskipulagi og skólaþjónustu borgarinnar á undanförunum árum og hafa lýst yfir vilja sínum til að taka þátt í þeirri vinnu. Skólastjórar munu fá gátlistana senda þegar starfsáætlanirnar hafa verið samþykktar og geta stuðst við þá við endurskoðun starfsáætlana fyrir næsta skólaár.